

Hvalfjarðarsveit
Jökull Helgason
Innrimel 3, Melahverfi
301 Akranes

Reykjavík, 25. júlí 2022
UST202206-117/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Breyting á deiliskipulagi fyrir Vatnaskóg í Hvalfjarðarsveit

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hvalfjarðarsveitar er barst 10. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Vatnaskóg í Hvalfjarðarsveit.

Í greinargerð kemur fram að breytingin felst í því að þar sem er merkt leiksvæði á gildandi deiliskipulagi er fyrirhuguð bygging fyrir nýjan matskála og eldhús.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi verkefnið 23. október 2019.

Birkiskógur

Í greinargerð kemur fram að svæðið er að mestu kjarri og skógi vaxið. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt kortasjá Skógræktarinnar er svæðið skilgreint sem náttúrulegur birkiskógur.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Náttúruskógur er skilgreindur skv. lögnum þar sem land, a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli, þar sem sjálfsáнар, innlendar trjategundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju.

Skilgreining á birkiskógi er að trén sem skógurinn samanstendur af sé að lágmarki 2 m á hæð fullvaxta. Lægra birki flokkast sem birkikjarr.¹

Umhverfisstofnun bendir á að náttúrulegur birkiskógur getur fallið undir b. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og bendir stofnunin á að Skógræktin hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja sérstæða og vistfræðilega mikilvæga birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðingabæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á birkiskógi sem undir greinina fellur, þurfi að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á

¹<https://www.skogur.is/is/rannsoknir/rannsoknasvid/landupplysingar>

skóginum, rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veða saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Í skipulagsáætluninni er ekki fjallað sérstaklega um framkvæmdir sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Ef um er að ræða birkiskóg sem nýtur sérstakrar verndar lítur Umhverfisstofnun svo á að umsögn þessi uppfylli ekki umsagnarskyldu skv. 2. mgr. 68. gr., sbr. 3. mgr. 61. gr. og áskilur sér rétt til umsagnar áður en veitt er leyfi vegna framkvæmda sem kunna að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. 61. gr. laganna.

Plöntun

Í greinargerð kemur fram að plantaðar hafa verið greni- og furutré austar á svæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er ræktun útlendra plöntutegunda óheimil á svæðum sem njóta sérstakrar verndar eða eins og segir í greininni: „Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum sem njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 400 metra hæðar yfir sjó.“ Að mati Umhverfisstofnunar eiga framangreind ákvæði erindi í skilmála framkvæmdaleyfisins.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að gróðursettar verði innlendar trjategundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, gulvíðir eða loðvíðir sem mótvægisáðgerð við raski á birkiskógi og í samræmi við ofangreind markmið skógræktarlaga.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri